Rannsóknir þegar tími gefst: Togstreita í faglegu athafnarými háskólakennara

Starf háskólakennara einkennist af samspili kennslu, rannsókna og stjórnunar og stöðugri forgangsröðun milli ólíkra verkefna og krafna. Í erindinu er sjónum beint að faglegu athafnarými háskólakennara (e. teacher agency) og þeirri togstreitu sem getur skapast milli verkefna sem kalla á tafarlaus viðbrögð og rannsóknarstarfs sem oft hefur sveigjanlegri tímamörk.

Rannsóknin byggir á þremur tímasneiðum úr daglegu starfi háskólakennara sem safnað var á árunum 2023–2024. Þátttakendur skráðu verkefni sín og nýtingu vinnutíma og ígrunduðu í sameiningu hvernig ólíkir þættir starfsins birtust í daglegu starfi. Sneiðarnar gefa tækifæri til að skoða hvernig formleg verkaskipting milli kennslu, rannsókna og stjórnunar birtist í raunverulegum vinnudegi og hvernig háskólakennarar forgangsraða þegar ólíkar kröfur keppa um tíma þeirra og athygli.

Fyrstu greiningar benda til togstreitu milli sýnilegra og tímanæmra verkefna annars vegar og rannsóknarstarfs hins vegar. Kennsla, samskipti við nemendur, stjórnun og önnur verkefni sem tengjast skýrum skilafrestum eða kalla á viðbrögð fá gjarnan forgang, á meðan rannsóknir, sérstaklega þegar enginn ytri skilafrestur er fyrir hendi, eiga á hættu að mæta afgangi. Með hugtakinu faglegt athafnarými er leitast við að varpa ljósi á hvernig háskólakennarar takast á við þessa togstreitu, skapa sér rými til rannsókna og semja stöðugt um forgangsröðun í daglegu starfi.

Niðurstöðurnar vekja spurningar um hvaða verkefni verða sýnileg og metin í háskólastarfi og hvaða aðstæður þurfi að skapa til að styðja við sjálfbært faglegt athafnarými háskólakennara.

Höfundar

Dr. Svava Björg Mörk, dósent við HÍ

Dr. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, dósent við HÍ

Dr. Kristín Margrét Jóhannsdóttir, dósent við HA

Dr. Ívar Rafn Jónsson, lektor við HA